



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í tilefni af útgáfu ritsins
Konur sem kjósa.
*Aldarsaga***

24. október 2020

Góðir landsmenn.

Nú þegar rétt 45 ár eru liðin frá kvennafrídeginum mikla 1975 fögnum við útgáfu glæsilegs rits. *Konur sem kjósa* er aldarsaga, saga kosningaréttar og hvers kyns atbeina kvenna í öllum kimum samfélagsins.

Í þessari bók hafa konur orðið. Ég óska öllum, sem unnu að henni, hjartanlega til hamingju og nefni sérstaklega höfundana fjóra, Erlu Huldu Halldórsdóttur, Kristínu Svövu Tómasdóttur, Ragnheiði Kristjánsdóttur og Þorgerði Þorvaldsdóttur, auk Helgu Jónu Eiríksdóttur, ritstjóra verksins. Þorgerður lést í sumar, eftir erfið veikindi. Ritið er á sinn hátt traustur og fallegur minnisvarði um fræði hennar og fagmennsku, alúð og hlýju.

Segja má að vinna við þetta stórvirki hafi hafist árið 2013. Þá var ég forseti Sögufélags. Frá þeim bæjardyrum séð fagna ég sérstaklega útkomu verksins, og þakka gott samstarf við Alþingi um útgáfuna frá upphafi. Enn er ég forseti en sit nú hér á Bessastöðum. Fyrir rúmri öld bjó Theodóra Thoroddsen á þessum stað, orti sínar þulur og sín ljóð og mælti þá meðal annars þessi mæðuorð:

Mitt var starfið hér í heim
heita og kalda daga
að skeina krakka og kemma þeim
og keppast við að staga.

Eg þráði að leika lausu við
sem lamb um grænan haga,
en þeim eru ekki gefin grið,
sem götin eiga að staga.

Konur sem kjósa er saga kvenna sem vildu meira en að staga í göt, og auðvitað líka meira en að leika lausu við. Í ritinu lesum við og sjáum hvernig okkur hefur smám saman miðað í rétta átt. Lýðveldi er stofnað sumarið 1944, þá fáum við forseta hingað á Bessastaði og skólabörn í Reykjavík fá ritgerðarspurningu: „Ef ég væri forseti ...“ Hún er þó aðeins ætluð drengjunum, stúlkurnar fá: „Ef ég væri forsetafrú ...“

Nú er öldin önnur. Áfram er þó verk að vinna en sögu á ekki bara að segja í þolmynd, að samfélagið breytist, að þróun eigi sér stað, að verk sé að vinna. Til þess þarf fólk, fólk sem tekur ákvarðanir, fólk sem segir hingað og ekki lengra. Konur sem kusu gerðu það. Konur sem kjósa gera það áfram.

Ég ítreka heillaóskir mínar og leyfi mér að beina þeim kveðjum til Íslendinga allra. Til hamingju, við öll, með veglegt rit um merka vegferð.